



STARFSMAANAFÉLAG REYKJAVÍKURBORGAR

FRÉTTABRÉF

2. tbl. 46. árg. feb. 2011

Orlofsúthlutun

Ársskýrsla stjórnar 2010

Aðalfundur St. Rv. 8. mars, kl. 17.00

Efnisyfirlit:

Orlofshús og íbúðir	bls 2-8
Aðalfundur	bls 9-10
Stjórn	bls 11
Skrifstofa	bls 11
Fulltrúaráð	bl 12
kjaramál	bls 13
Starfsmat	bls 13
Uppsagnir Orkuveitu	bls 14
Erlent samstarf	bls 14
Styrktarsjóður BSRB	bls 15
Starfsendurhæfing	bls 15
Orlofsheimili	bls 16
Útgáfa og upplýsingar	bls 17
Starfsmenntunarsjóðir	bls 17
Fræðslumál	bls 18
Framvegis	bls 19
Fræðslusetrið Starfsmennt	bls 19
Atvinnuleitendur	bls 19
Menning	bls 20-21
ársfundir lífeyrissjóða	bls 22
BSRB	bls 22-23
Félagsmiðstöin	bls 23
Lokaorð	bls 23
Auglýsing aðalfundar	bls 24
Orlofsmál framh.	bls 25-30
Krossgáta	bls 31
Augýsing	bls 32

FRÉTTABRÉF

Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar
Útgefandi:

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar
Grettisgötu 89

105 Reykjavík

Sími: 525 8330 Fax: 525 8339

strv@bsrb.is

www.strv.is

Ábyrgðarmaður: Garðar Hilmarsson

Ritstjóri: Jakobína Þórðardóttir

Ritnefnd: Dagný Guðmundsdóttir, Jón Ingi

Hilmarsson, Jónína Óskarsdóttir, Ragnhildur Helga-
dóttir og Stefán Pálsson.

Umbrot: Blátt strik ehf.

Prófarkalestur: Gunnar Ingi Jónsson

Hönnun: PJE ERR

Prentumsjón: Blátt strik ehf.

Starfsmenn skrifstofu St.Rv.:

Ása Clausen fjármálastjóri

Garðar Hilmarsson formaður

Gunnar Ingi Jónsson verkefnisstj.

Halldór Gunnarsson verkefnisstjóri

Jakobína Þórðardóttir framkv.stjóri

Lára Júlíusdóttir þjónustufulltrúi

Ingvaldur Jónsdóttir þjónustufulltrúi

Stjórn St.Rv.:

Garðar Hilmarsson - formaður

Guðrún Árnadóttir - varaform.

Guðríður Sigurbjörnsdóttir ritari

Jónas Engilbertsson - gjaldkeri

Ása Hauksdóttir

Ingjaldur Eiddsson

Ingvaldur Jónsdóttir

Jón Bergvinsson

Jón Ingi Hilmarsson

Sigrún Helga Jónsdóttir

Þórdís Björk Sigurgestsdóttir

Ármann Pétursson

asaclausen@strv.bsrb.is

gardar@strv.bsrb.is

gunnaringi@strv.bsrb.is

halldor@strv.bsrb.is

jakobina@strv.bsrb.is

lara@strv.bsrb.is

stak@aknet.is

gardar@strv.bsrb.is

gudrun.amad@reykjavik.is

gudridur.sigurbjornsdottir@reykjavik.is

j.engilberts@gmail.com

asa@hitthusid.is

ingjaldur.eidsson@or.is

ingo@grundaskoli.is

jon.bergvinsson@reykjavik.is

jhilmars@landspitali.is

shj@foldaskoli.is

thordis@faxafloahafnir.is

aheyrnarfulltr. eftirlaunahóps



Úlfljótsvatn

Félagið á sumarhús, sem eru af tveimur stærðum við Úlfljótsvatn. Annars vegar með einu svefnherbergi og svefnlofti og hins vegar með tveimur svefnherbergjum og svefnlofti. Húsin eru búin öllum venjulegum eldhúsaðhöldum, auk útvarps, sjónvarps og kolagrills. Sængur og koddar eru í húsunum en allt lín, rúmfatnað, handklæði o.fl. verða gestir að taka með sér. Heitur pottur er við hvert hús.

Gestir hafa aðgang að bátum og veiði í vatninu. Glæsileg þjónustumiðstöð er í Úlfljótsskála, sem er staðsett við suðurenda vatnsins og er með aðstöðu fyrir gesti; Gufubað, billjard o.fl. Úlfljótsvatn er orlofshúsasvæði St.Rv. í aðeins 70 km. fjarlægð frá Reykjavík.

Í þjónustumiðstöð fá gestir afhenta lykla að húsunum.



Akrakot

Við húsið er stór verönd með grillskýli og heitum potti. Ágæt grasflöt er við bústaðinn með leiktækjum. Húsið er um 60m² með 12m² svefnlofti. Bústaðurinn samanstendur af anddyri, baðherbergi, stofu, borðstofu, eldhúsi, 2 svefnherbergjum á 1. hæð og svefnlofti. Svefnpláss er fyrir 9, þ.e. fyrir 2 í hjónaherbergi og fyrir 3 í herbergi niðri og 4 á svefnlofti.

Sængur og koddar fyrir 10 eru í húsinu. Í eldhúsinu er ísskápur, eldavel með ofni, örbylgjuofni, borðbúnaður og áhöld fyrir 12 manns. Í húsinu er sjónvarp, útvarp og kolagrill. Akrakot er að Efri-Reykjum í Biskupstungum.

Gæludýr eru leyfileg.

Lyklar eru afhentir á skrifstofu St.Rv.




Akrasel

Akrasel er við Álftavatn í Grímsnesi, húsið var keypt og tekið í notkun 1990. Bústaðurinn var stækkaður og endurbættur 2004. Við húsið er stór verönd með heitum potti. Við bústaðinn eru rólur og sandkassi. Í húsinu er anddyri, baðherbergi, stofa, eldhús og 3 svefnherbergi. Svefnpláss er fyrir 7, einnig eru 3 lausar dýnur. Sængur og koddar fyrir 10 eru í húsinu. Í eldhúsinu er ísskápur, eldavel með ofni, uppþvottavel, örbylgjuofni, borðbúnaður og áhöld fyrir 12 manns. Í húsinu er sjónvarp, myndbandstæki, útvarp og kolagrill.

Lyklar eru afhentir á skrifstofu St.Rv.





Munaðarnes

Á orlofshúsasvæði BSRB í Munaðarnesi á félagið 8 hús með svefnplássi fyrir 6-8. Í húsunum er allur venjulegur húsbúnaður, leirtau fyrir 12, sjónvarp, útvarp og kolagrill. Heitur pottur er við öll hús. Í Munaðarnesi er rúmgóð þjónustumiðstöð með veitingasölu.

Skemmtilegt gönguleiðakort er hægt að fá í þjónustumiðstöðinni. Þá er sundlaug á Varmalandi svo og í Borgarnesi, sem báðar eru fjölsóttar af gestum staðarins. Golfvöllir eru í nágrenninu. Glanni sem er rétt norðan við Munaðarnes og að Hamri, rétt utan við Borgarnes. Nokkrar hestaleigur eru í næsta nágrenni. **Lyklar eru í lykklaskáp við húsin, sem leigutakar fá númer að á leigusamningi.**



Súðavík

Í fjölbýlishúsi við Aðalgötu 2 í Súðavík hefur félagið á leigu 3ja herbergja íbúð. Hún er með rúmgóðu hjónaherbergi, barnaherbergi með kóju, (ein og hálf breidd neðri kója og einbreið uppi). Í stofu er svefnsófi. Sængur og koddar fyrir 6.

Súðavík liggur miðsvæðis á Vestfjörðum, 19 km. eru til Ísafjarðar. Stutt er í þrjár sundlaugar og þrír golfvöllir eru innan seilingar. Margar náttúruperlur eru í nágrenninu, má þar nefna Vigur og friðland Hornstranda.

Lyklar eru afhentir í Súðavík.



Orlofsvefur

Á orlofsvefi er ætlast til að félagsmenn sækji um orlofshús fyrir sumarið 2011.

Þeir sem sækja um á vefnum fá upplýsingar með tölvupósti um leið og úthlutun er lokið.

Þeir sem nýta sér umsóknareyðublað á bls 30 fá svör með pósti.

Gæluðýr

Almennt gildir sú regla að gæluðýr eru ekki leyfð í orlofshúsunum eða á orlofssvæðum félagsins nema að annað sé tekið fram.

Brot á reglum þessum getur haft áhrif á úthlutanir seinna.

Aðeins er leyfilegt að vera með gæluðýr í Akra koti, Brautarhvammi og að Ásum í Skaftártungu.



Norðurás

Norðurás 1 er í landi Kambshóls í Svínadal. Í bústaðnum er svefnpláss fyrir 7. Herbergi með hjónarúmi og annað með rúmi 1 og 1/2 breidd og efri koja. Í húsinu er anddyri, baðherbergi, stofa og eldhús. Sængur og koddar fyrir 8 eru í húsinu. Í eldhúsinu er

ísskápur, eldavél með ofni, örbylgjuofn, borðbúnaður og áhöld fyrir 8 manns. Í húsinu er sjónvarp, útvarp og kolagrill. Stór verönd er við húsið með heitum potti.

Lyklar eru afhentir á skrifstofu St.Rv.



Krossholt Barðaströnd

(einbýlishús)

Húsið er 118fm einbýlishús. Gisting er fyrir allt að 8 manns. Stofa er með sófasetti, útvarpi og sjónvarpi. Svefnherbergi eru þrjú. Í einu er hjónarúm en í hinum 90cm rúm. Tvær dýnur fylgja húsinu. Svefnpláss, sængur og koddar eru fyrir 8. Ekki er séð fyrir rúmfatnaði. Eldhús er með eldavél og uppþvottavél. Einnig er þvottavél í húsinu. WC er með baðkari og sturtu. Stór verönd er við húsið með heitum potti, gas og kolagrilli.

Lyklar eru afhentir á staðnum.




Vikuverð á orlofshúsum fyrir sumarið 2011

Lítið hús með potti	16.500
Stórt hús með potti	23.100
Stórt hús án potts Eiðar	18.700
Aðrir staðir án potta	23.100

Frestur til þess að sækja um orlofshús

Umsóknir þurfa að berast fyrir
15. apríl.

Umsóknareyðublöð er að finna hér í Fréttabréfinu en einnig er hægt að skrá rafrænt inn umsókn á heimasíðu félagsins www.strv.is




Akureyri

Í fjölbýlishúsi að Hrísalundi 2e á félagið góða, vel búna fjögurra herbergja íbúð á jarðhæð.

Öll venjuleg búasáhöld fylgja, svo og útvarp, sjónvarp og kolagrill. Sængur og koddar fylgja, en allt lín, rúmföt, handklæði o.fl. verður fólk að taka með sér.

Lyklar eru afhentir á skrifstofu St.Rv. viku fyrir brottför.




Akureyri

Félagið hefur tekið á leigu fjögurra herbergja íbúð í Hafnarstræti 7.

Öll venjuleg búasáhöld fylgja, svo og útvarp, sjónvarp og kolagrill. Sængur og koddar fylgja, en allt lín, rúmföt, handklæði o.fl. verður fólk að taka með sér.

Lyklar eru afhentir á skrifstofu St.Rv. viku fyrir brottför.





Tröllagil 29 Akureyri

(íbúð á 8. hæð)

Íbúðin er 75 fm. Gisting er fyrir allt að 7 manns.

Stofa er með svefnsófa, útvarpi og sjónvarpi. Svefnherbergi eru tvö. Í öðru er hjónarúm, í hinu 1 einbreitt rúm. Tvær dýnur fylgja íbúðinni. Svefnpláss, sængur og koddar eru fyrir allt að 7. Ekki er séð fyrir rúmfatnaði. Eldhús er með eldavél og örbylgjuofni. Borðbúnaður fyrir 6. Þvottavél og þurrkari á hæðinni.

WC er með sturtu.

Lyklar eru afhentir hjá umsjónarmanni.

Hrísey


Félagið er með íbúð, 180 m² að Norðurvegi 7-11 í Hrísey, á annari hæð ofan við verslun. Íbúðin er með stofu og borðstofu, fjórum svefnherbergjum, eldhúsi, baðherbergi og lítilli snyrtingu.

Í Hrísey er nýtt íþróttahús, þar er glæsileg sundlaug ásamt heitum potti, í eyinni eru góðar gönguleiðir og gott berjaland, einnig er gaman að skoða náttúruna ásamt fjölbreyttu fuglalífi.

Íbúðin er miðsvæðis við flest í eyjunni, veitingahús í næsta húsi, fjarlægð í pósthús og banka er um 100 metrar, í sundlaug um 200 metrar og svipuð vegalengd að ferju, ágætis fótboltavöllur og flugvöllur er í Hrísey.

Hríseyjarferjan fer að jafnaði um 9 ferðir á dag milli Hríseyjar og Árskógsstrandar, siglingin tekur um 15 mín. frekari uppl. á netinu undir hrisey.net eða eyfar.is





Illugastaðir í Fnjóskadal

Félagið er með tvö hús á Illugastöðum í eigu Einingar-löju á Akureyri. Húsin eru ætluð fyrir 6 – 8 manns og eru búin öllum venjulegum húsbúnaði. Þar er sjónvarp, útlarp og heitur pottur við hvert hús. Húsunum fylgja sængur og koddar. Rúmfatnaður fylgir ekki en hægt er að leigja hann á staðnum.

Lyklar að húsunum eru hjá umsjónarmanni staðarins.



Huldulundur í Aðaldal

Félagið er með á leigu sumarhús í Aðaldal. Í því er svefnpláss fyrir sex - hjónaherbergi, svefnherbergi með koju og í stofu er svefnsófi.

Allur venjulegur eldhúsbúnaður og útlarp, sjónvarp og kolagrill. Sængur og koddar fylgja en rúmfatnað og annað lín þarf fólk að hafa með sér.

Lyklar eru afhentir á skrifstofu St.Rv. viku fyrir brottför.

Brautarhvammur

Félagið hefur tekið á leigu sumarhús á Blönduósi að Brautarhvammi 25. Í því er svefnpláss fyrir 6 manns og er búin öllum venjulegum húsbúnaði. Tvö svefnherbergi, stofa, eldhús og baðherbergi. Svefnsófi er í stofu. Gasgrill og heitur pottur fylgir húsinu.

Í þjónustumiðstöð er aðstaða til þvotta, þ.e. þvottavél og þurrkari gegn gjaldi.



Skýrsla stjórnar 2010

Aðalfundur

Aðalfundur St.Rv. var haldinn mánudaginn 8. mars að Grettisgötu 89 samkvæmt hefðbundinni dagskrá og lögum félagsins.

Formaður Garðar Hilmarsson setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Skipaði hann Gísla Árna Eggertsson fundarstjóra og þau Guðríði Sigurbjörnsdóttur og Jón Inga Hilmarsson sem ritara.

Fundarstjóri tók við fundarstjórn, fór yfir dagskrá fundarins og sagði fundargerð síðasta aðalfundar ekki verða lesna, en hún lægi frammi fyrir þá sem vildu kynna sér hana.

Formaður, Garðar Hilmarsson flutti skýrslu um félagsstarfið á liðnu ári.

Ása Clausen lagði fram endurskoðaða ársreikninga félagsins og sérsjóða fyrir hönd gjaldkera Jónasar Engilbertssonar. Hún gerði grein fyrir reikningum félagsins og kynnti fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.

Reikningarnir voru endurskoðaðir af Endurskoðunarskrifstofu Grant Thornton og félagslegum skoðunarmönnum þeim Kolbrúnu Hauksdóttur og Úlfari Teitssyni.

Fundarstjóri gaf orðið laust um skýrslu formanns og reikninga félagsins. Fundarstjóri bar síðan upp reikninga félagsins og voru þeir samþykktir einróma.

Gunnar Ingi Jónsson formaður kjörstjórnar gerði eftirfarandi grein fyrir tillögum uppstillinganefndar og kosningu til stjórnar:

Nefndin lagði til að Garðar Hilmarsson yrði formaður til næstu

tveggja ára og eftirfarandi aðilar ættu sæti í stjórn: Guðríður Sigurbjörnsdóttir, Guðrún Árnadóttir, Ingveldur Jónsdóttir

Jónas Engilbertsson, Sigrún Helga Jónsdóttir

Engin móttframboð höfðu borist þegar framboðsfrestur rann út og eru því fyrrgreindir frambjóðendur sjálfkjörnir til setu í stjórn félagsins næstu tvö árin.

Aðrir í stjórn til 2011: Ása Hauksdóttir, Jón Ingi Hilmarsson, Jón Bergvinsson, Ingjaldur Eiðsson, Þórdís Björk Sigurgestsdóttir

Kosning skoðunarmanna

Tillaga uppstillinganefndar er um óbreytta skipan: Kolbrún Hauksdóttir og Úlfar Teitsson. Til vara: Hrafnhildur Guðmundsdóttir. Samþykkt með lófaklappi.

Kosið var um einn fulltrúa í stjórn Styrktarsjóðs St.Rv.

Tillaga stjórnar er um óbreytta skipan: Gunnar Ingi Jónsson, Sjöfn Ingólfssdóttir og Ragnhildur Helgadóttir. Fundarstjóri óskaði eftir öðrum tillögum, sem engar voru og telst því tillaga stjórnar samþykkt.

Kosið var um þrjá í stjórn Vinnudeilusjóðs.

Tillaga stjórnar er um: Jónas Engilbertsson, Önnu Árnadóttur og Þorgrím Hallgrímsson. Til vara: Guðmundur Ísidórsson og Þórdís Björk Sigurgestsdóttir. Samþykkt með lófaklappi.





Kosið var um þrjá í stjórn Orlofsjóðs.

Tillaga stjórnar er um óbreytta skipan: Ása Clausen, Víglundur Rúnar Jónsson og Guðríður Sigurbjörnsdóttir. Fundarstjóri óskaði eftir öðrum tillögum, sem engar voru og telst því tillaga stjórnar samþykkt.

Eftirfarandi ályktanir voru samþykktar á aðalfundi.

1. *Vaxandi atvinnuleysi er mikið áhyggjuefni og hverjum þeim böð, sem í því lendir, auk þess að vera djúrt fyrir samfélagið. Við þessar aðstæður riður á að stjórnvöld búi svo í hagin að öllum sé tryggð atvinna, að enginn sé settur til hliðar. Uppsögn starfsmanna í opinberri þjónustu er því óviðunandi, enda dregur ekki úr þörf hennar heldur verður hún enn mikilvægari þegar harðnar á dalnum. Auk þess er það hepin sparnaður að setja menn á atvinnuleysisbætur meðan vinnulag eykst á aðra. Jafnframt er brynt að búa í hagin fyrir nýsköpun og fjölbreytta atvinnustarfsemi á almennum vinnumarkaði.*
2. *Undanfarid ár hefur verið mikill niðurskurður á launakjörum starfsmanna ríkis og bæja. Aðalfundur Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar tekur undir að allir verði að bera byrðar þar sem lagst hafa á þjóðina með ósanngjörnum hetti. Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar krefst þess að viðsemjendur umgangist gerða launasamninga af virðingu og að unnið verði í nánú samráði við starfsmenn og stéttarfélög að finna aðrar leiðir en launaskerðingu og uppsagnir til að hagræða í rekstri. Margar stofnanir eru undirritaðar vegna niðurskurðar um leið hafa verkefni aukist og víða gengið á kjör starfsmanna. Við þetta verður ekki unað. Síðastliðið ár hefur verið þungbært fyrir launafólk. Laun hafa lækkað, atvinnuöryggi hefur minnkað og skuldabyrði aukist. Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar krefst þess að ríkisstjórnin komi með raunhæfar aðgerðir fyrir heimilin í landinu. Það er með öllu óviðunandi að sífellt sé gengið á hag heimila og fjölskyldna með kjaraskerðingu, miklum verðlagshækkunum og þvingingu á greiðslubyrði fasteignalána. Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar krefst þess að ríkisstjórn Íslands vinni fyrir alla sína þegna og gæti þess að hagur fjármagnseignenda sé ekki settur ofar hag heimilanna í landinu. Seinagangur í þessum málum er með öllu ólíðandi*

þar sem stefnir í greiðsluprot hjá fjölda manns.

3. *Allur almenningur kallar á nýtt Ísland – sem okkur var lofað fyrir síðustu kosningar. Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar kallar eftir betra síðferði, nýjum áherslum og gegnsejum og lýðræðislegum stjórnarháttum. Til að byggja upp nýtt og betra samfélag þurfa allir að snúa bökum saman og standa jafnt að þeirri uppbyggingu. Það gengur ekki að allur almenningur sitji óbattur hjá garði og borgi brúsann uns hann getur ekki meir. Í stað ónógra og marklausra úrlausna áminnir Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar stjórnvöld um að hafa allra hag að leiðarljósi og spyr : Hvar er hið nýja gegnseja Ísland? Hvar er hið nýja síðferði og nýr hugsunarháttur?*
4. *Í dag er öld liðin síðan hugmyndin um alþjóðlegan baráttudag kvenna kom fram. Mikið hefur dunnist á þeim tíma í réttinda- og kjarabaráttu kvenna. Stundum mætti atla að það eina sem á vantar sé að konur standi jafnfetis körlum í stjórnun fyrirtækja, að jafnrétti og jöfn staða kynjanna sé alls staðar komið á nema í efstu lögum samfélagsins. En því fer fjarri. Enn eru konur að jafnaði á lægri launum en karlar og er óútskýrður kynbundinn launamunur meðal félaga Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar því miður staðreynd. Ofbeldi gagnvart konum er enn útbreitt vandamál og ýmis konar kvenfyrirlitning viðgengst í fjölmíðlum, auglýsingum og úti í samfélaginu þar sem líkami kvenna er gerður að söluvöru sem aldrei fyrr. Og sé horft yfir heimsbyggðina má sjá að víða er staða kvenna bágborin, bæði í efnahagslegu tilliti og hvað jafnrétti varðar, auk þess sem þær verða illa úti í stríðsátökum, valdabaráttu og gróðabraski. Krafan er fullt jafnrétti og jöfnuður milli kynja og að allir njóti sömu virðingar og mannréttinda. Um leið og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar sendir konum um allan heim baráttukveðjur, varar félagið við skerðingum á framlögum til velferðamála kvenna.*
5. *Aðalfundur Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar beinir því til stjórnar félagsins og stjórnar BSRB að þær beiti sér fyrir því að skoðað sé í fullri alvöru að afnema verðtryggingu.*



Stjórnin

Haldnir voru 20 stjórnarfundir á árinu. Fyrsti fundur eftir aðalfund var haldinn 17. mars og skipti stjórnin með sér verkum: Guðrún Árnadóttir var skipuð varaformaður, Guðríður Sigurbjörnsdóttir ritari og Jónas Engilbertsson gjaldkeri.

Á sama fundi voru eftirtaldir skipaðir í einstakar starfsnefndir:

Guðríður Sigurbjörnsdóttir og Ingveldur Jónsdóttir voru skipaðar í fræðslunefnd.

Þórdís Björk Sigurgestsdóttir og Guðrún Árnadóttir voru skipaðar í menningar- og skemmtinefnd. Jónas Engilbertsson og Guðrún Árnadóttir voru skipuð í orlofsnefnd. Jón Ingi Hilmarsson og Þórdís Sigurgestsdóttir í ritnefnd.

Fulltrúar í Starfskjaranefnd milli Reykjavíkurborgar og St.Rv. voru skipuð Garðar Hilmarsson og Guðrún Árnadóttir úr stjórn og Einar Ólafsson 1. fulltrúi í 10. deild.

Einnig var skipað í stjórnir Starfsmenntunar- og starfsþróunarsjóðs og það voru Garðar Hilmarsson og Jakobína Þórðardóttir.

Stjórnin vann að stefnu félagsins fram eftir vori og samþykkti á haustdögum stefnu félagsins og lagði fyrir fulltrúaráð í



Fv. Jónas Engilbertsson, Ármann Pétursson, Þórdís Björk Sigurgestsdóttir, Garðar Hilmarsson, Sigrún Helga Jónsdóttir, Jón Bergvinsson, Guðríður Sigurbjörnsdóttir, Ingjaldur Eiddsson, Jón Inga Hilmarsson og Guðrún Árnadóttir.

Ásu

Hauksdóttur og Ingveldi Jónsdóttur vantar á myndina.

framhaldinu. Á haustdögum voru umræður um að vinna að því markmiði, sem lengi hefur verið rætt að auka samstarf við systurfélag okkar SFR. Farsælt samstarf í fræðslumálum og ýmsum menningartengdum verkefnum hafa gengið vel, áhugi hefur verið hjá stjórnnum beggja félaga að þróa það samstarf á fleiri sviðum. Stjórnir beggja félaga skipuð fulltrúum úr stjórn og framkvæmdastjórum félaganna í vinnuhóp, sem setti upp markmið og hugmyndir um í hvaða þáttum væri hægt að ná aukinni samvinnu. Þau atriði sem rætt

var um voru orlofsmál, sameiginlegt fréttabréf, samvinna í kjaramálum, samrekstur á afgreiðslu/þjónustu við félagsmenn. Fundað var með ritnefndum og orlofsnefndum til þess að fjalla um málið. Lengst komust viðræður um sameiginlega útgáfu á fréttabréfi til félagsmanna. Þessi vinna mun halda áfram á næstunni og verða kynntar félagsmönnum.

Hallgerður Inga Gestsdóttir hætti í stjórn félagsins á síðasta vori og þökkum við henni störf í þágu félagsins á síðastliðnum árum og óskum henni velfarnaðar.



Skrifstofa St.Rv.

Aðalskrifstofa félagsins er til húsa að Grettisgötu 89, 3. hæð. Daglegur opnunartími er frá kl. 09.00 til 16.00. Félagið er líka með skrifstofu á Akranesi sem er til húsa á Suðurgötu 62, en þar er opið á þriðjudögum og fimmtudögum milli kl. 15.00 og 18.00.

Starfsmenn skrifstofunnar, auk Garðars Hilmarssonar formanns, eru þau Jakobína Þórðardóttir framkvæmdastjóri, Ása Clausen fjármálastjóri, Gunnar Ingi Jónsson verkefnisstjóri, Lára Júlíusdóttir þjónustufulltrúi, Halldór Gunnarsson verkefnisstjóri og á skrifstofunni á Akranesi starfar stjórnarkona okkar Ingveldur Jónsdóttir sem þjónustufulltrúi. Félagsmenn geta leitað til skrifstofu varðandi réttindamál, leigu orlofshúsa, umsókna í starfsmennta og vísindasjóð. Allt utanumhald á félagsstarfinu fer fram á skrifstofu félagsins.

Fulltrúaráð

Fulltrúaráðið fundaði 9 sinnum á árinu 2010 og var með starfsdag í nóvember þar sem farið var sérstaklega í væntingar varðandi kjarasamningana sem í vændum voru. Á fundunum fór fram ýmis upplýsingagjöf um það sem varðar félagsstarfið og þjóðfélagsmál og fengum við marga góða gesti á fundi ráðsins. Umræður og skoðanaskipti um þjóðfélagsmálin var góð og mikil á árinu og margir fulltrúar tóku þátt í umræðum. Einnig fór fram ýmis fræðsla til fulltrúa og trúnaðarmanna. Á fyrsta fundi fulltrúaráðsins, sem haldinn var 7. janúar var, samkvæmt lögum félagsins, kjörin uppstillinganefnd og formaður hennar var kjörinn Einar Ólafsson.



Elín Björg Jónsdóttir formaður BSRB var gestur fundarins. Umræðufni hennar var framgangur mála af BSRB þinginu. Staða í velferðarmálum og mikilvægi þess að standa vörð um störfín og um endurskipulagningu á starfssemi BSRB.

Á öðrum fundi fulltrúaráðs 18. febrúar, var kynnt stefna sem unnin var af starfshóp innan stjórnar og unnin upp úr gögnum af starfsdegi fulltrúaráðs. Stefnan var samþykkt. Karen Björnsdóttir og Soffía Eiríksdóttir, fulltrúar BSRB í Starfsendurhæfingarsjóðnum Virk kynntu sjóðinn.

Á þriðja fundi fulltrúaráðsins 18. mars var



skipað í samninganefndir félagsins, þ.e. vegna kjarasamninga við Reykjavíkurborg, Akaneskaupstað, fjármálaráðuneytið, OR, Faxaflóahafnir og fl minni viðsemjendur. Elín Björg Jónsdóttir formaður BSRB kom á fundinn og kynnti stöðuna varðandi stöðugleikasáttmálan.

Á fjórða fundi ráðsins 14. apríl var Ása Clausen fjármálastjóri St.Rv. með kynningu á orlofsmálum félagsins. Harpa Þórðardóttir hjá Námsflokki Reykjavíkur, kynnti verkefnið Starfs-Kraftur. Verkefni fyrir 16-18 ára sem eru hvorki í námi né vinnu.

Í maí var haldinn opinn fulltrúaráðsfundur þar sem félagsmönnum var boðið að mæta. Fulltrúar frá öllum framboðum, sem buðu fram til borgarstjórnarkosninga fengu tækifæri til þess að kynna sína stefnu og í framhaldi gafst félagsmönnum kostur á að spyrja út úr.

Á fulltrúaráðsfundi 8. september var Guðrún Pétursdóttir gestur fundarins og kynnti væntanlegt stjórnlagabætur og undirbúning þess.

Starfsdagur fulltrúaráðsins var haldinn 29.



október og var sameiginlegur með trúnaðarmannaráði SFR. Fundurinn var skipulagður með svokölluðu „þjóðfundarformi“, en þá vinna fulltrúar á 9 manna borðum og lögð er áhersla á að allir tjái sig og séu virkir. Fjallað var um komandi kjarasamninga og þær tillögur sem fólk vildi leggja áherslu á í komandi kjarasamningum.

Á fundi ráðsins 11. nóvember var farið yfir helstu niðurstöður starfsdagsins í október. Einnig kom hagfræðingur BSRB Hilmar Ögmundsson á fundinn og fjallaði um fjárlagafrumvarpið, sem var til meðferðar í þinginu.

Á fundi fulltrúaráðs 14. desember kynnti Garðar Hilmarsson formaður stöðuna í kjarasamningsviðræðum og kynnti áherslur samninganefndar í komandi kjarasamningum.

Sigurlaug Gröndal frá Félagsmálaskóla alþýðu kynnti fyrir fulltrúum nám fyrir fulltrúa og trúnaðarmenn, sem er haldið af BSRB og Félagsmálaskóla alþýðu.

Kjaramál

Kjarasamningar við flesta viðsemjendur félagsins losnuðu 30. nóvember 2010. Samningur við Faxaflóahafnir losnar 31. mars 2011.

Samninganefndir félagsins byrjuðu að vinna saman snemma í haust af krafti. Fulltrúar í samninganefndum voru í sambandi við félagsmenn á sínu svæði, haldnir voru fundir úti í deildum. Á heimasíðu félagsins var settur upp hugmyndabanki þar sem félagsmenn áttu kost á að setja inn hugmyndir, fjöldi félagsmanna nýttu sér það og þökkum við félagsmönnum fyrir það.

Í lok október stóð félagið fyrir starfsdegi fyrir fulltrúa og trúnaðarmenn í samstarfi við SFR þar sem fjallað var um kjaramál. Starfsdagurinn var haldinn að fyrirmynd þjóðfundar. Yfir 170 fulltrúar tóku þátt í starfsdeginum og störfuðu af krafti allan daginn. Þær hugmyndir sem komu fram á fundinum voru svo nýttar af samninganefndum félaganna í markmiðssetningu fyrir kjarasamninga.



Ákveðnum sameiginlegum þáttum var vísað til BSRB til umfjöllunar á stærra borði, þar má nefna styttingu vinnutíma, ákveðna þætti í veikindarétti og lífeyrismál.

Viðræðuáætlanir hafa verið gerðar við nær alla viðsemjendur félagsins en því miður ganga viðræður ákaflega hægt og greinilegt að viðsemjendur eru ekki áfjádír í að semja á undan ASÍ og SA. Einn fundur var haldinn með samninganefnd Reykjavíkurborgar á árinu og einnig var einn fundur með Sambandi Íslenskra sveitarfélaga vegna félagsmanna á Akranesi.

Á sama tíma hefur verið samdráttur hjá helstu viðsemjendum okkar og fyrirhugaður er frekari niðurskurður, þar sem verið er að boða styttri opnunartíma, lægri starfshlutföll og meira álag.

Það gefur auga leið að það er ákaflega erfitt fyrir samninganefndarfolk okkar að standa í baráttu um betri kjör á sama tíma og verið er að segja upp starfshlutfalli hjá því sjálfu eða næsta samstarfsmanni.

Fréttir af Starfsmati

Starfsmatsnefnd Reykjavíkurborgar fundaði reglulega á árinu, aðra hverja viku fram á vor og tók svo upp þráðinn aftur s.l. haust. Starfsmenn starfsmatsins eru tveir: Ingi Geir Hreinsson verkefnisstjóri og Steinvör Laufey Jónsdóttir.

Í júlí 2010 kom út skýrsla sem var unnin fyrir Reykjavíkurborg um kynbundinn launamun hjá Reykjavíkurborg. Þar var tekinn út sá hópur sem er í Starfsmati og kom fram að leiðréttur launamunur er 5,2% körlum í vil af dagvinnulaunum og 8,3% af heildarlaunum. Ef leiðrétt er fyrir innbyrðis röðun starfa eru karlar með 0,1% lægri dagvinnulaun en konur og 5,1% hærri heildarlaun.

Samkvæmt úttekt starfsmanna starfsmatsins hefur beiðnum um endurmat fækkað árið 2009 og svo aftur 2010. Engin úttekt hefur farið fram á þessari þróun en rætt hefur verið um bæði ótraust atvinnuöryggi svo og vantrú á endurmatsbeiðnum. Í sömu úttekt kemur einnig fram að 76 endurmatsbeiðnir félagsmanna St.Rv. hafa

verið afgreiddar frá starfsmatsnefnd frá upphafi, 49 hafa leitt til hækkunar á stigum en 27 þeirra hafa ekki leitt til stigabreytinga en að meðaltali hafa þær leitt til 20,76 stiga hækkana á mati.

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar á jafnframt sæti í úrskurðarnefnd um starfsmat sem er í samstarfi við Samband Íslenskra sveitarfélaga. Jakobína Þórðardóttir framkvæmdastjóri St.Rv. er fulltrúi félagsins í úrskurðarnefndinni og Garðar Hilmarsson formaður varamaður. Á fundi Úrskurðarnefndar sem haldinn var 24. mars 2009 var ákveðið að skipa sjö manna verkefnisstjórn sem hafði það hlutverk að skoða sameiginlega hvernig til hefur tekist með innleiðingu og framkvæmd starfsmatskerfisins SAMSTARF og með hvaða hætti megi tryggja áframhaldandi þróun þess. Sú vinna leiddi til skýrslu verkefnisstjórnar sem kom út í febrúar 2010.

Fjöldauppsagnir hjá Orkuveitunni

Í fyrsta sinn í sögu félagsins kom til fjöldauppsagna félagsmanna. Orkuveitan sagði upp 65 manns á einu bretti í lok október, 45 úr þessum hópi voru félagsmenn St.Rv.

Trúnaðarmenn ásamt formanni og framkvæmdastjóra félagsins funduðu á svokölluðum samráðsfundum áður en að uppsögnum kom, þar sem verkefnið var að draga úr áhrifum uppsagnanna og finna leiðir til þess að fækka þeim, en lög um fjöldauppsagnir kveða

á um slíkt samráð. Tveir af þeim sem sagt var upp voru aðaltrúnaðarmenn og tveir þeirra voru varatrúnaðarmenn. Félagið stendur nú fyrir lögsókn á hendur Orkuveitunni vegna meintrar ólöglegrar uppsagnar eins af trúnaðarmönnum, Gíslí Hall er lögræðingur félagsins í því máli.

Erlent samstarf

NTR Samtök opinberra starfsmanna á Norðurlöndum er vettvangur þar sem BSRB á aðild að og nú munu stéttarfélög sem eru með félagsmenn, sem starfa hjá sveitarfélögum framvegis verða virkari.

Innan NTR fara fram umræður og skoðanaskipti um kjarasamninga, skipulag velferðarþjónustunnar og önnur málefni sem snerta starfsfólk í almannþjónustu. Árlega efna samtökin til ráðstefnu um tiltekin efni. Ráðstefnan var haldin að þessu sinni dagana 13.-16. júní í Nedendalen í Finnlandi og yfirheiti ráðstefnunnar var "Norræna módelið" þar sem fjallað var meðal annars um velferðarmál, skattamál, samfélagsmál og samskipti á vinnumarkaði. Ráðstefnuna sóttu frá Íslandi þau Garðar Hilmarsson, Guðríður Sigurbjörnsdóttir, Jónas Engilbertsson og Jakobína Þórðardóttir frá St.Rv., Elín Björg Jónsdóttir og Helga Jónsdóttir frá BSRB, Arna Jakobína Björnsdóttir, Ingunn Jóhannesdóttir og Kristín Sigurðardóttir frá KILLI, Guðbjörn Arngrímsson frá samfloti bæjarstarfsmannafélaga.

Fulltrúi í stjórn NTR er Elín Björg Jónsdóttir og Garðar Hilmarsson er varamaður hennar.

BSRB er einnig aðili að NFS, heildarsamtökum norrænu verkalyðshreyfingarinnar. Í stjórn þeirra samtaka eiga sæti þrír Íslendingar, einn frá BSRB og tveir frá ASÍ. Elín Björg Jónsdóttir er fulltrúi BSRB og varamaður hennar er Árni Stefán Jónsson.

Ennfremur á BSRB aðild að ETUC, evrópusambandi verkalyðsfélaga þar er fulltrúi BSRB Elín Björg Jónsdóttir og Púriður Einarsdóttir varamaður.

BSRB hefur sent fulltrúa í **Genfarskólann** til fjölda ára, árið 2010 fór Friðrik Atlason fulltrúi frá SFR. Stærsti hluti námsins er þátttaka í árlegu þingi Alþjóða vinnu-málastofnunarinnar sem haldið er í júní ár hvert í Genf. ASÍ sendir einnig einn fulltrúa í skólann á hverju ári. Skólinn veitir góða innsýn inn í alþjóðastarf verkalyðs-baráttunnar og er ómetanleg reynsla fyrir þátttakendur. Á árinu hófst undirbúningur að stofnun félags nemenda sem sótt hafa skólann á Íslandi.

St.Rv. er beinn aðili að **Norræna flutningaverkamannasambandinu (NTF)** fyrir hönd Vagnstjóra hjá Strætó bs. NTF eru norræn samtök stéttarféлага starfsmanna með um 400.000 meðlimi, sem starfa við hverskonar flutninga, á fólki og/eða vörum, á sjó, landi og í lofti. **Jónas Engilbertsson** stjórnarmaður og starfsmaður hjá Strætó bs hefur fylgst með þessum málum og farið yfir þau gögn sem berast. Enginn fundur hefur verið sóttur á þessu ári í samtökunum.



Styrktarsjóður BSRB

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar á aðild að Styrktarsjóði BSRB en sjóðurinn var stofnaður árið 2000. Þá fyrst fengu starfsmenn sveitarfélaga sjúkrasjóðsréttindi áþekkt þeim, sem verið höfðu á almennum markaði um áratuga skeið.

Í stjórn sjóðsins eru: Garðar Hilmarsson St.Rv., formaður stjórnar, Kristín Á. Guðmundsdóttir Sjúkraliðafélaginu (SLFÍ), Guðbjörg Antonsdóttir Kili, Torfi Friðfinnsson Félagi opinberra starfsmanna á Suðurlandi (FOSS), Þórveig Þormóðsdóttir Félagi starfsmanna stjórnarráðsins, ritari stjórnar. Varamenn eru Vala Dröfn Hauksdóttir Starfsmannafélagi Garðabæjar og Sverrir Björn Björnsson Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS).

Á aðalfundi sjóðsins, sem haldinn var í október sl. flutti formaður Garðar Hilmarsson, skýrslu stjórnar. Í máli hans kom fram að nú væru sérstakir tímar sem kalli á sérstakar lausnir. Skilgreina þyrfti upp á nýtt þarfir félagsmanna þar sem tekið væri tillit til aukins álags og streitu vegna minnkandi starfsöryggis og kjararýrnunar. Vegna þjóðfélagsástandsins og styrkrar stöðu sjóðsins ákvað stjórnin að hækka verulega helstu liði úthlutunarreglna sjóðsins. Atvinnulausir félagsmenn sem ekki eiga rétt á atvinnuleysisbótum vegna veikinda eiga nú rétt á greiðslum sem nema 80% af atvinnuleysisbótum í allt að 45 daga. Ákveðið var að hækka fæðingarstyrk úr 170.000 krónum í 220.000 krónur miðað við fullt starf. Miðast hækkunin við börn fædd eftir 1. janúar 2011.

Eftirfarandi eru aðrar helstu breytingar á styrkjum árið 2011.

Framhaldsrannsókn vegna krabbameinsleitar í brjóstum, ristli og blöðruhálskirtli er styrkt um allt að 10.000,-.

Styrkur til sjúkraþjálfunar hækkar úr 1.000,- í 1.500,-, eða úr 25.000,- í 37.500,- á ári.

Styrkur til meðferðar hjá sálfræðingi hækkar úr 4.000,- í 5.000,- í 15 skipti á ári.

Styrkur til dvalar hjá Heilsustofnuninni í Hveragerði hækkar úr 1.500,- í 2.000,- í 20 daga

Skoðun hjá Hjartavernd verði styrkt allt að 17.000,- sem er

fullnaðargreiðsla skv. gjaldskrá.

Styrkur vegna tækniþróvagnar hækki úr 100.000,- í 150.000,- einu sinni.

Sjónlagsaðgerð á báðum augum hækkar úr 50.000,- í 100.000,-

Aukinn er réttur til gleraugna og heyrnatækjastyrkja úr 48 mánuðum í 36 mánuði.

Líkamsræktarstyrkur hækkar úr 15.000,- í 20.000,- á ári.

Styrkur vegna útfarar félagsmanns hækkar úr 100.000,- í 200.000,-.

Sjóðstjórnin bendir á, að erfitt er að segja nákvæmlega fyrir um hver kostnaðurinn við þessar hækkanir verður, allt er það háð margvíslegum breytum. Sjóðurinn telur félagslega skyldu sína í þessu árferði að ganga frekar á varasjóðinn en að láta af hækkunum sem ákveðnar hafa verið.

Allar upplýsingar um sjóðinn, reglugerð, úthlutunarreglur og annað er að finna á vefsíðunni www.styrktarsjodur.bsrb.is

Starfsmenn sjóðsins eru þau: Ástríður Jónsdóttir, Vilborg Kristjánsdóttir og Ólafur Bjarni Andrésson forstöðumaður.

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar vill þakka fyrir frábæra þjónustu þeirra við félagsmenn.



STYRKARSJÓÐUR BSRB

Starfsendurhæfing – Virk

Starfsendurhæfingarsjóður er sjálfseignarstofnun með aðild allra helstu samtaka stéttarfélaga og atvinnurekenda á vinnumarkaði. Hlutverk Starfsendurhæfingarsjóðs er að draga markvisst úr líkum á því að launafólk hverfi af vinnumarkaði vegna langvarandi veikinda eða slysa. Áhersla er lögð á að koma snemma að málum og viðhalda vinnusambandi einstaklinga með virkni og öðrum úrræðum.

Innan BSRB starfa þrír ráðgjafar á vegum Virk, starfsendurhæfingarsjóðs það eru þær Karen Björnsdóttir, Salóme Þórisdóttir og Soffía Eiríkisdóttir. Ráðgjafarnir hafa það hlutverk að aðstoða fólk við að finna leiðir og lausnir vegna endurkomu til vinnu

eftir veikindi. Stöðugt fjölgar þeim sem leita eftir ráðgjöf. Þannig að það er ljóst að mikil þörf er á þessari þjónustu.

Viljum við hjá Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar þakka ráðgjöfunum hjá Virk, fyrir hönd félagsmanna, fyrir einstaklega gott starf unnið af virðingu og alúð.

Sjá frekari upplýsingar á: www.virk.is

Orlofsheimili

Á árinu 2010 voru orlofshús á vegum St.Rv. vel nýtt, fyrri partur ársins fór í viðhald og viðgerðir og skal farið yfir það helsta á hinum ýmsu stöðum. Undirbúningur hefur farið fram vegna orlofshúsakerfis á vef félagsins sem var svo tekinn í notkun upp úr áramótum.

Úlfljótuvatn hefur alltaf verið vinsælt, aðsókn og nýting góð. Húsin eru í stöðugri endurnýjun og viðhaldi. Á síðast liðnu ári var farið í viðhald á timbri utandyra og málun húsa, settar uppþvottavélar í hús 1-6. Þá var farið í samstarf við Skáta um nýtingu báta milli aðila þannig að þeir fengu aðgang að okkar bátum og við að þeirra og voru Skátar með umsjón allra báta á Úlfljótuvatni og var það vinsælt þar sem meira framboð og fjölbreytileiki varð meiri. Þá var áfram haldið með ræktun lands á vegum staðarhaldara á svæðinu með þátttöku dvalargesta.

Akrakot var vel nýtt eins og áður, enda húsið eina gæludýrahúsið sem félagið býður uppá allan ársins hring. Farið var í nokkrar lagfæringar og endurbætur á húsinu, s.s. viðgerð á tréverki utanhúss og málun. Endurnýjaðar voru allar gardýnur í húsinu og skipt um hjónarúm og dýnur í kojum. Þá var sett uppþvottavél í eldhús og stærri ísskápur.

Akrasel var vel nýtt eins og áður. Farið var í nokkrar framkvæmdir s.s. skipt um útidyrhúð og timburverk yfirfarið og síðan var húsið málað.

Norðurás hús þetta eins og önnur hús er vel nýtt bæði í sumar- og vetrarleigu. Þetta hús stendur á fallegum stað í Svínadal gegnt Vatnaskógi og hafa félagsmenn verið nokkuð ánægðir með aðstæður, en komið er að endurnýjun húsgagna o.fl. unnið er að því.

Munaðarnes orlofshús félagsins voru máluð að utan á árinu 2010 þá var einnig sett uppþvottavél og nýr ísskápur í húsin. Menningarhátíð var haldin í Munaðarnesi 11. Júní Þar sem South river band lék og verk Elfars Guðna Þórðarsonar voru sýnd, Óskar Guðmundsson las upp og sagði frá Snorra Sturlusyni.

Eiðar húsin á Eiðum voru tekin í gegn þannig að smíðaður var stærri pallur kringum húsin og gert við tréverk að utan, þá var skipt um eldhúsinnréttingu og sett ný tæki þ.e. eldavél og stór ísskápur. Vegur að svæðinu var lagður með slitlagi, smíðaðar nýjar bátabryggjur og skýli.

Hrísalundur 2e íbúðin var vel nýtt enda var hún tekin í gegn nýlega og er eins og ný.

Aðrir staðir: St.Rv. er með á leigu eða skipti á húsnæði á nokkrum stöðum aðallega yfir sumartímann.

Krossholt á Barðaströnd var í fyrsta sinn í boði á árinu 2008 og leigðust allar vikur út strax.

Súðavík félagið hefur nú í nokkur ár boðið til leigu íbúð á Súðavík og er með hverju ári vinsælla.

Hafnarstræti 7, Akureyri hefur líka verið í boði undanfarin ár og mikil eftirspurn, en félagið bauð félagsmönnum það til leigu nú í allan vetur meðan Hrísalundur var í endurnýjun. Áður hefur félagið haft aðgang að leigu yfir vetrartíma ef húsnæðið hefur verið laust, en við höfum ekki haft fasta leigu áður yfir vetrartímann

Tröllagil, Akureyri var leigusamningur um þrjár íbúðir yfir sumarið sem voru í leigu allan þann tíma, ásamt því að ein af þessum íbúðum var í leigu frá febrúar og nýttist vel og þá sérstaklega skíðafólki.

Illugastaðir St.Rv. hafði þar 2 hús sem eru í eigu Einingar-Iðju og þóttu koma vel út.

Huldulundur í Aðaldal St.Rv. leigir sumarhús þetta yfir sumartímann og er sívinsælt.

Einarstaðir St.Rv. hafði þar hús frá AFLI starfsgreinafélagi austurlands, en austurland hefur ætíð sitt aðdráttarafl.

Ásar í Skaftártungum St.Rv. var með húsið um sumarið og nýttist vel enda gæludýrahús.

Þórisstaðir Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar gerði áfram samning um tjaldstæðið að Þórisstöðum í Svínadal ásamt veiðileyfi í vötnunum í kring. Af þeim félagsmönnum sem félagið heyrði í og nýttu sér aðstæður var gerður góður rómur að. Félagsmenn í St.Rv. fá frítt að tjalda og veiða á svæðinu gegn framvísun félagsskírteinis.

Hótelmiðar – Gangnamiðar. St.Rv. bauð upp á niðurgreidda miða á Edduhótel og FOSS-hótel á árinu eins og áður. Ennfremur miða í Hvalfjarðargöngin, en hægt er að kaupa staka miða á kostnaðarverði. Félagið verður áfram með þessa miða sem hægt er að kaupa bæði á skrifstofu félagsins í Reykjavík og á Akranesi.

Iceland Express og Icelandair félagið bauð upp á niðurgreidd gjafabréf/flugávísanir frá Iceland Express og Icelandair.



Útgáfa og upplýsingar

Heimasíða

Heimasíða félagsins er orðin stór þáttur í upplýsingaveitu félagsins og stöðugt bætast við möguleikar á síðunni til þess að ganga frá málum upp á eigin spítur í gegn um síðuna. Nú um síðustu áramót bættist við orlofsvefur þar sem félagsmenn geta pantað, greitt og náð sér í samning um orlofshús. Í nokkuð langan tíma hafa félagsmenn getað skráð sig á þau námskeið sem félagið stendur fyrir. En þó má segja að heimasíða félagsins sé fyrst og fremst upplýsingasiða. Félaginu berast daglega fyrirspurnir af heimasíðunni sem við reynum að svara fljótt og vel.

Á heimasíðunni er til dæmis að finna upplýsingar um:

- Starfsemi félagsins
- Kjarasamninga og launatöflur
- Lög og reglugerðir
- Upplýsingar um fulltrúa/Trúnaðarmenn
- Orlofshús
- Námskeið
- Fréttabréf
- Fréttir úr félagsstarfinu

Heimasíðan er því afar mikilvæg í upplýsingagjöf til félagsmanna og er sívaxandi þáttur í almennri þjónustu við félagsmenn. Félagsmenn eru hvattir til þess að koma með tillögur um efni á heimasíðu til ritstjóra hennar í netfangið: jakobina@strv.bsrb.is Þrátt fyrir það þá leggjum við ríka áherslu á að félagsmenn eru ávallt

velkomnir á skrifstofu félagsins og eins að hringja til okkar.

Fréttabréf

Fimm Fréttabréf voru gefin út á árinu.

Ritnefnd félagsins hittist reglulega og kemur með tillögur að efni og efnistöfum til ritstjóra.

Fulltrúar í ritnefnd hafa verið duglegir að taka að sér að skrifa greinar í fréttabréfið.

Í ritnefnd eru Dagný Guðmundsdóttir Árbæjarsafni, Jón Ingi Hilmarsson LSH, Þórdís Björk Sigurgestsdóttir Faxaflóahöfnum, Jónína Óskarsdóttir Ársafni og Stefán Pálsson Orkuveitunni. Jakobína Þórðardóttir, framkvæmdastjóri St.Rv. er ritstjóri Fréttabréfsins og Garðar Hilmarsson formaður St.Rv. ábyrgðarmaður.

Reynt er að hafa fjölbreytt efni í fréttabréfinu sem vekur áhuga hjá félagsmönnum og fréttir sem við teljum að nýtist þeim. Þar kynnum við námskeið, orlofshús og íbúðir kynnum við vekjum athygli á réttindamálum og atriðum úr kjarasamningum. Einnig höfum við verið með viðtöl við félagsmenn til að fá innsýn inn í hvað þeir eru að gera úti á vinnustöðunum.



Á árinu fóru fram viðræður milli St.Rv. og SFR um sameiginlega útgáfu á fréttabréfi til félagsmanna þessara tveggja systurfélaga, þar sem lögð yrði áhersla á kröftugt og gagnrýnið blað sem verði gefið út 7 sinnum á ári. Gaman er að segja frá því að það verður raunin og er ákveðið að eftir árið verði gerð könnun á því hvernig félagsmönnum líki þessi nýjung og teknar ákvarðanir um framhaldið út frá því.

Tímavinnubókin gefin út í tíunda sinn og er send öllum félagsmönnum í ársbyrjun. Bókin er í litlu handhægu broti og inniheldur, auk dagatala, ýmsar upplýsingar og fróðleik um starfsemi félagsins.

Félagsskrirteini er gefið út annað hvert ár og kom það út nú um áramótin. Þeir félagsmenn sem ekki hafa borist skirteini geta haft samband við skrifstofu félagsins og við látum útbúa og senda félagsskrirteinið. Að þessu sinni var ákveðið að hafa afsláttarbókina á heimasíðunni en sleppa prentun.

Starfsmenntunar og Vísindasjóður

Stjórn Starfsmenntunar og starfsþróunarsjóðs (en nú starfa þeir sem einn sjóður) stóð við fyrri markmið og hélt fundi mánaðarlega utan orlofstímabils.

Á starfsárinu voru samþykktar 777 umsóknir og úthlutað var rúmlega 40 milljónum króna.

Stjórn sjóðsins skipa: Frá Reykjavíkurborg, Árni Ragnar Stefánsson.

Frá St.Rv.: Jakobína Þórðardóttir og Garðar Hilmarsson.

Áfram hafa félagsmenn verið mjög virkir í að sækja sér menntun af margvíslegum toga.

Má þar nefna starfsmenntun margskonar, almenna framhaldsskólamenntun, ýmis fagnámskeið, tungumál, tölvunámskeið og fleira. Fjöldi félagsmanna sækir um styrki til að stunda háskólanám af ýmsu tagi.

Stjórn Vísindasjóðs hélt tvo fundi á árinu, eins og reglugerð mælir fyrir um.

Stjórnina skipa: Garðar Hilmarsson og Ólöf R Ámundadóttir.

Úthlutað var 282 styrkjum að upphæð nálega 30 milljónum króna.

Aðild að þessum sjóði hafa eingöngu þeir sem hafa háskólamenntun og að viðkomandi menntunar sé krafist í því starfi sem þeir gegna.

Hér gildir það sama og um Starfsmenntunar og starfsþróunarsjóðinn, metnaður félagsmanna til aukinnar menntunar lýsir sér í fjölbreyttu námsvali og viðfangsefnum þeirra.

Gunnar Ingi Jónsson er starfsmaður beggja sjóðanna.

Fræðslumál

Fræðslunefnd félagsins hefur fundað reglulega á árinu og skipulagt námskeið og fyrirlestra fyrir félagsmenn undir heitinu Gott að vita auk þess að fjalla um námskeið fyrir fulltrúa og trúnaðarmenn.

Fræðslunefnd félagsins skipuðu þau Guðríður Sigurbjörnsdóttir og Ingveldur Jónsdóttir úr stjórn félagsins. Hver deild í fulltrúaráðinu á svo kost á að skipa fulltrúa í nefndina en það eru þau Elsa Ófeigsdóttir, Ingibjörg Sif Fjeldsted, Baldur Magnússon, Rósa Björk Sigurðardóttir, Ólöf Ragna Ámundadóttir, Sæmundur Pétursson, Pétur Karlsson, Hólmsfríður Ólafsdóttir, Bryndís Oddsdóttir, Valgerður Guðbjörnsdóttir og Hulda Ingibjörg Magnúsdóttir. Jakobína Þórðardóttir er starfsmaður nefndarinnar.

Gott og farsælt samstarf hefur verið við SFR- stéttarfélag í almannáþjónustu í fræðslumálunum. Getan til þess að halda úti svo fjölbreyttu og og öflugu fræðslustarfi byggist á þessu góða samstarfi félaganna og miklum áhuga og metnaði félagsmanna að leita alltaf eftir meiri þekkingu og færni.

Gott að vita – námskeið fyrir félagsmenn

Þátttaka á námskeiðin er alltaf góð og eykst stöðugt. Haldin voru 16 námskeið og/eða fyrirlestrar á hvorri önn, haust og vor. Námskeiðin og fyrirlestra er reynt að hafa sem fjölbreyttasta og bjóðum við alltaf upp



á eitthvað nýtt. Þrátt fyrir það þá hafa nokkur námskeið verið það eftirsótt meðal félagsmanna að við höfum boðið upp á þau ár eftir ár, má þar m.a nefna ljósmyndanámskeið, sem hafa verið fullbókuð og færri komast þar að en vilja. Dagskrá fyrir Gott að vita námskeiðin hefur verið kynnt í Fréttabréfi félagsins í janúar og í september auk þess að vera kynnt á heimasíðu þar sem skráning fer fram.

Námskeið fyrir fulltrúa og trúnaðarmenn

Á árinu voru haldin tvö þriggja daga

námskeið á vorönn fyrir fulltrúa og trúnaðarmenn sem St.Rv. og SFR stóðu sameiginlega að. Ánægja fulltrúa og trúnaðarmanna hefur verið mikil með þessi námskeið, sem eru nauðsynleg fyrir trúnaðarmenn að sækja til þess að geta betur rækt skyldu sína sem trúnaðarmenn á vinnustöðum.

Auk þessara námskeiða stendur nú trúnaðarmönnum til boða að sækja sér enn frekari menntun sem BSRB og Félagsmálaskóli alþýðu standa fyrir en þeir bjóða upp á 2- 3 daga námskeið í 6 hlutum.



Framvegis, miðstöð um símenntun

Framvegis er framsækin símenntunarmiðstöð með það að markmiði að auka fjölbreytni í tækifærum til símenntunar ásamt því að nýta tölvu- og upplýsingatækni til þess að greiða aðgang að símenntun.

Framvegis var stofnað árið 2001 til þess að koma til móts við símenntunarþörf sjúkraliða og annarra heilbrigðisstétta. Framvegis er í eigu BSRB, Sjúkraliðafélags Íslands, SFR, Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og Tölvuskólans iSoft Þekkingar. Framvegis vinnur í nánú samstarfi við framangreinda aðila sem og Fræðsluatrið Starfsmennt, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og símenntunarmiðstöðvar landsins.

Hjá Framvegis eru haldin starfsþróunar- og símenntunarnámskeið samkvæmt námskrám Fræðslusetursins Starfsmenntar, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins eða hafa verið þróuð hjá Framvegis. Framvegis sérhæfir sig í fjarkennslu og vill með því stuðla að auknu framboði og sveigjanleika í námi og símenntun.

Þjónustusvæðið er allt landið. Framvegis fjarvarpar námskeiðum sínum með hjálp fjarkennsluhugbúnaðar, sem gerir þátttakanda kleift að sitja námskeið “heima í stofu”. Miðstöðin sendir námskeið út á land í samvinnu við símenntunarmiðstöðvarnar.

Fastráðnir starfsmenn hjá Framvegis-miðstöð um símenntun eru fjórir. Leiðbeinendur sem kenna á námskeiðum Framvegis eru í kringum 90 talsins og hefur miðstöðin átt því láni að fagna að hafa á

að skipa mjög færur leiðbeinendum, sem margir hafa leiðbeint um árabíl.

Framvegis kallar saman fagræð tvisvar á ári í þeim tilgangi að ræða námsframboð næstu anna og stuðla að endurnýjun námskeiða samkvæmt þörfum markhópanna.

Nám og námsleiðir Framvegis eru kynntar á heimasíðu miðstöðvarinnar og hægt er að gerast áskrifandi að póstlista Framvegis. Einnig er hægt að nálgast kynningarbækling á skrifstofu Framvegis, skrifstofu Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og aðildarfélögum BSRB.

Starfsmenn hjá Framvegis eru Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir framkvæmdastjóri, Vigdís Þyri Ásmundsdóttir verkefnastjóri, Elsa Björk Ásmundsdóttir skrifstofustjóri og Helga Guðmundsdóttir umsjónarmaður kvöldnámskeiða.

Stjórn Framvegis skipa:

Birna Ólafsdóttir, skrifstofustjóri Sjúkraliðafélagsins og Jakobína Þórðardóttir framkvæmdastjóri Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar f.h. BSRB. Guðmundur Pálmason framkvæmdastjóri Isoft tölvuskóla og John Vilhjálmur Yeoman fulltrúar Isoft. Varamenn: Jóhanna Þórdórsdóttir, fræðslustjóri SFR – stéttarfélags í almannaþjónustu f.h. BSRB og Sigurður Friðriksson, Kennslustjóri Isoft tölvuskóla f.h. Isoft.

Nánari upplýsingar um Framvegis má finna á www.framvegis.is

Fræðsluatrið Starfsmennt

Fræðsluatrið starfsmennt vinnur að þróun á starfstengdu námi, starfsþróunarverkefnum og býður upp á margskonar þjónustu og ráðgjöf við stofnanir ríkisins.

Starfsmennt hefur verið í samstarfi við vinnumálastofnun á síðustu misserum og þjónustað atvinnuleitendur innan aðildarfélaganna BSRB bæði með náms- og starfsráðgjöf og með námskeiðum sérstaklega ætluðum atvinnuleitendum.

Ríkisstarfsmönnum aðildarfélaganna stendur til boða að sækja námskeið Starfsmenntar án endurgjalds en félagsmönnum aðildarfélaganna, sem ekki eru ríkisstarfsmenn geta sótt námskeið á vegum setursins en þurfa að greiða fyrir þátttöku.

Hulda A. Arnljótsdóttir er framkvæmdastjóri setursins en auk hennar eru tveir starfsmenn í fullu starfi, þær Björg Valsdóttir og Bergþóra Guðjónsdóttir.

Skipan stjórnar: Árni Stefán Jónsson, formaður setursins og Arna Jakobína Björnsdóttir voru skipað f.h. stéttarfélaganna, varamenn þeirra eru Jóhanna Þórdórsdóttir og Þórveig Þormóðsdóttir.

Guðmundur H. Guðmundsson varaformaður setursins og Ásgeir M. Kristinsson skipaðir f.h. fjármálaráðuneytisins, varamenn þeirra eru Ásta Lára Leósdóttir og Sverrir Jónsson.

Veffang setursins er www.smennt.is

Atvinnuleitendur



Stjórn St.Rv. ákvað í upphafi árs að vinna að því að gera skýrari reglur varðandi rétt atvinnuleitenda innan félagsins. Bæði Starfsmennta og Styrktarsjóður juku réttindi atvinnuleitenda á árin. Í janúar var sent bréf til allra skráðra atvinnuleitenda innan félagsins og í framhaldinu var hringt í sama hóp og boðað til fundar í húsakynnum félagsins. Einnig hefur félagið haldið fundi fyrir þá 45 starfsmenn OR, sem var sagt upp í fjöldauppsögnum í lok október sl.

Menning fyrir félagsmenn



Menningar- og skemmtinefnd stóð fyrir aðventukvöldi 24. nóvember sl. í samvinnu við skemmtinefnd SFR. Þar var boðið upp á upplestur úr jólabókum, tónlist, heitt súkkulaði með rjóma og smákökur. Einar Kárasón las upp úr bók sinni *Mér er skemmt* og Lára Björg Björnsdóttir las upp úr bók sinni *Takk útrásarvíkingar*. Björn Thoroddsen spilaði nokkur lög. Var þetta hin ánægjulegasta kvöldstund.

Jólaball



Hin árlega jólatrésskemmtun St.Rv. og SFR var haldin 29. desember, í fyrsta sinn á nýjum stað í Gullhömrum. Hljómsveit spilaði jólalögin og jólasveinar komu og dönsuðu með börnunum. Gestum var boðið upp á kökuhlaðborð og börnin fengu nammipoka með heim. Jólaballið var vel sótt og fór vel um gesti í þessum glæsilegu húsakynnum og var ánægja með þjónustuna.

Sumarferð eftirlaunafélks

Ferð eftirlaunabega hjá St.Rv. var heitið um Snæfellsnesið þetta sumarið, um fararstjórn sá Sigurður Jónsson og bílstjóri var enginn annar en Sæmundur sjálfur á einum bíla sinna. Lagt af stað í sæmilegasta veðri og stutt stopp í Borgarnesi þaðan haldið sem leið lá út á Snæfellsnesið og tók nú heldur að hvesa en létum það ekki aftra för, presturinn á Staðarstað tók á móti hópnum og sýndi kirkjuna. Þegar utar kom á nesið lægði nú heldur og var hið besta veður þegar gengið var inn í Rauðfeldsgjá í Botnafjalli. Á Arnarstapa beið svo kaffi og rjómaöfflur sem var hressandi eftir gönguna. Næsta stopp var við Djúpalónssand, gengum niður í fjöruna og skoðuðum okkur um. Á hótél Hellissandi beið okkar þessi fíni kvöldverður og honum gerð góð skil en það var ekki til setunnar boðið því næsti viðkomustaður var hjá honum Hildibrandi í Bjarnarhöfn. Þar fengum við góðar móttökur þó seint væri rennt í hlað, hákarl og snafs, að ógleymdum frásögum og spjalli um liðna tíð. Að lokum vil ég þakka Sigurði sem hélt hópnum uppteknum með fróðleik um næstum því hvern bæ sem ekið var hjá og svo las hann valda kafla upp úr ævisögu séra Árna Þórarinssonar þannig að okkur leiddist aldrei þó seint væri rennt í hlað. Sæmundur skilaði svo

hópnum heim að halla í miðnætti, svo ég noti orð Guðrúnar Árnadóttur þetta var nú bara heljarinnar ferð nærri 12 tímar og vorum við bara sæmilega sáttar með dugnaðinn þann daginn. Þórdís Björk Sigurgestsdóttir stjórnarkona tók saman, en hún, Guðrún Árnadóttir og Ármann Pétursson skipulögðu ferðina og voru fararstjóra til halds og trausts.



Ársfundir lífeyrissjóða

Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga hélt ársfund sinn 2. júní 2010 og að þessu sinni var hann haldinn klukkan 17.00 til þess að sjóðfélagar ættu frekar kost á að sækja fundinn, sem var haldinn í fundarsal BSRB á Grettisgötunni. Á dagskrá voru venjuleg ársfundarstörf s.k.v. samþykktum sjóðsins. Flutti formaður stjórnar, Halldóra Friðjónsdóttir skýrslu stjórnar og Jón G. Kristjánsson framkvæmdastjóri gerði grein fyrir ársreikningum, fjárfestingastefnu og öðrum þáttum í rekstri sjóðsins á liðnu starfsári. Ný stjórn tók við eftir sveitarstjórnarkosningar. Stjórn LSS skipa nú Karl Björnsson, formaður stjórnar, af hálfu sveitarfélaga, Garðar Hilmarsson,

varaformaður stjórnar af hálfu BSRB, Kristbjörg Stephensen, af hálfu sveitarfélaga, Elín Björg Jónsdóttir, af hálfu BSRB, Gerður Guðjónsdóttir, af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga og Salome A. Þórisdóttir, af hálfu BHM.

Varamenn: Guðrún Ósk Sigurjónsdóttir, af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Halla Margrét Tryggvadóttir, af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Birgir Björn Sigurjónsson, af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Helgi Þór Jónasson, af hálfu BHM, Björg Bjarnadóttir, af hálfu BSRB og Sverrir Björn Björnsson, af hálfu BSRB.

Ársfundur Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar (LsRb) var haldinn 18.

maí 2010 í húsakynnum BSRB að Grettisgötu 89.

Jón G. Kristjánsson framkvæmdastjóri flutti ársskýrslu sjóðsstjórnar og kynnti ársreikninga, fjárfestingarstefnu stjórnar og tryggingafræðilega athugun.

Stjórnarmenn í LsRb eru Björk Vilhelmsdóttir, formaður, Jón Fjörnir Thoroddsen, Júlíus Vífill Ingvarsson, Garðar Hilmarsson og Sjöfn Ingólfsdóttir.

Varamenn Karl Ægir Karlsson, Kjartan Valgarðsson, Ragnhildur B. Guðjónsdóttir, Þórgímur Hallgrímsson og Kolbrún Hauksdóttir. Endurskoðandi Deloitte hf.

BSRB

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja er bandalag 27 stéttarfélaga, sem eru með yfir 20.000 félagsmenn og því stærsta bandalag opinberra starfsmanna. Formaður bandalagsins er Elín Björg Jónsdóttir en hún var kjörin formaður á 42. þingi bandalagsins seinni part árs 2009. Miklar breytingar hafa verið á starfssemi BSRB á síðasta ári eins og ætla má þegar nýr formaður tekur við, en árið 2010 er fyrsta fulla starfsár Elínar Bjargar sem formanns. Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar er næst fjölmennasta aðildarfélag bandalagsins og formaður félagsins er 2. varaformaður BSRB.

Á skrifstofu BSRB er rekin viðamikil starfsemi. Starfsmenn þar veita aðildarfélögum upplýsingar og þjónustu hvert á sínu sérsviði auk þess að vera talsmenn opinberra starfsmanna út á við.

Á skrifstofu BSRB urðu miklar breytingar á árinu í starfsmannahaldi en í dag starfa, auk Elínar Bjargar formanns þau: Helga Jónsdóttir framkvæmdastjóri, Drífa Valdimarsdóttir fjármálastjóri, Ásthildur Torfadóttir afgreiðslufulltrúi, Jóhanna Þorgilsdóttir afgreiðslufulltrúi, Sonja Ýr Þorbergsdóttir lögfræðingur, Hilmar Ögmundsson hagfræðingur og Kolbeinn Óttarsson Proppe kynningarfulltrúi en þeir tveir síðasttöldu hófu störf sl. haust og bjóðum við þá innilega velkomna til starfa.

Þeir sem hurfu frá störfum hjá BSRB á árinu eru þeir Ragnar Ingimundarson og Einar Árnason hagfræðingar, Þorleifur Óskarsson sagnfræðingur og Sigurður Á. Friðþjófsson fræðslu- og upplýsingafulltrúi og þökkum við þeim kærlega fyrir samstarfið í gegn um tíðina og óskum þeim velfarnaðar á nýjum vettvangi. Núverandi starfsmönnum BSRB vill Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar þakka kærlega fyrir frábær störf í þágu



félagsmanna og góðan stuðning við starf félagsins.

Fræðslunefnd BSRB

fundaði reglulega. Helstu verkefni hafa verið að fylgja eftir þeim verkefnum sem sett voru á 42. þingi BSRB. En auk þess hefur nefndin á sinni könnu námskeið fyrir trúnaðarmenn, starfslökunámskeið, námsfni fyrir ungmenni í samstarfi við Félagsmálaskóla alþýðu og ASÍ og svo hefur nefndin hafið vinnu við undirbúning á námi fyrir stjórnir og starfsmenn aðildarfélaganna.

Réttindanefnd BSRB

fundaði reglulega á árinu. Réttindavefi er haldið uppi (www.bsrb.is) en þar er að finna álit og niðurstöður réttindanefndar og annað sem nefndin fjallar um hverju sinni og þar er líka að finna svör við ýmsum spurningum sem félagsmenn hafa leitað með til skrifstofu BSRB.

Aðalfundur BSRB

Var haldinn þann 15. október 2010. Stefán Ólafsson prófessor hélt erindi um mikilvægi velferðarríkisins, en hann fjallaði um þau gögn, sem hann hefur safnað saman um lífskjör í hinum ýmsu þjóðfélögum víða um heim og benti á mikilvægi velferðarkerfisins þegar kemur að

lífshamingju fólks. Í máli hans kom fram að í ljósi hugmynda ríkisstjórnarinnar um niðurskurð í velferðarkerfinu og komandi kjarasamninga, er ekki úr vegi að beina sjónum að því hvað það er sem gerir Ísland að velferðarríki.

Fulltrúar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga og Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda komu einnig á fundinn og gerðu grein fyrir stöðu sjóðanna. Annars var fundurinn með hefðbundnum hætti og fóru fram lögbundin aðalfundarstörf.

Ályktun af aðalfundi BSRB -Vegid að velferðinni

Aðalfundur BSRB, haldinn 15. október 2010, lýsir þungum áhyggjum vegna fyrirhugaðs niðurskurðar á velferðarkerfinu. Engum blöðum er um það að fletta að fjárförf ríkissjóðs er mikil og allra mögulegra leiða verður að leita til að grynka skuldir hans. Félagar í BSRB hafa axlað sínar byrðar eins og aðrir í óvissu efnahagsástandi og eru reiðubúnir til þess áfram.

Aðgangur almennings að velferðarkerfinu, óháð efnahag og aðstæðum, er hornsteinninn í því velferðarsamfélagi sem launafólk hefur byggt upp hér á landi síðustu áratugi. Núverandi fjárförf má ekki verða til þess að vegid sé að rótum þess velferðarkerfis. Niðurskurður upp á tugi prósentu mun skerða lífsgæði íbúa víða um land og kippa fótunum undan þeim þjónustueiningum sem byggðar hafa verið upp. Heilbrigðiskerfið var í fjársvelli í góðærinu og nú þegar borga þarf fyrir þenslu og óráðsú undanfarinna ára á að skera rýr framlög til þess niður. Verði tillögur ríkisstjórnarinnar um niðurskurð í heilbrigðismálum að veruleika er ljóst að Ísland getur ekki lengur kennt sig við norræna velferð. Það verður á ábyrgð þeirra þingmanna sem greiða tillögnum atkvæði sitt.

Sveitarfélögin sinna nærþjónustunni við íbúana, sem er gríðarlega mikilvæg, ekki síst á óvissutímum. Þar hefur einnig verið skorið niður og ljóst er að víða stendur niðurskurðarhnífurinn á beini. Sveitarfélögin geta ekki fríað sig ábyrgð og vísað á ríkisvaldið þegar kemur að velferðarkerfinu. Sveitarstjórnarmenn verða að hafa það í huga þegar kemur að fjárhagsáætlanagerð að þeir eru einnig varðmenn þess velferðarkerfis sem þjóðin byggði upp. Þeir geta ekki falið sig á bak við stjórnarmenn stofnana sem eru í eigu sveitarfélaga. Pólitísk ábyrgð liggur hjá kjörnum fulltrúum.

Í kjölfar niðurskurðar síðustu tveggja ára hefur þjónusta við börn, unglínga og aðra íbúa sveitarfélaga dregist saman. Starfsmenn hafa mátt þola launaskerðingu og atvinnumissi. Þá hefur ýmsum aðferðum verið beitt til að lækka starfshlutfall starfsmanna - og rýra

þannig kjör þeirra - svo sem að stytta opnunartíma og þar með vinnutíma. Ætli sveitarfélög að rísa undir grunnþjónustu við íbúa sína, verður ekki frekar skorið niður.

Í þeim óhjákvæmilega niðurskurði, sem framundan er verður að líta til þess að vinna ekki skemmdir á velferðarkerfinu. Frekar á að fara hægar í sakirnar og greiða niður á lengri tíma, eða að leita annarra leiða, svo sem eins og í gegnum skattakerfið. BSRB hefur til að mynda lagt fram tillögur um frekari hækkun á fjármagnstekjuskatti en fyrirhuguð er, þannig að ekki þurfi að skerða framlög til fæðingarorlofssjóðs og barna- og vaxtabætur.

Íslenskt samfélag stendur á tímamótum. Vandinn sem þarf að takast á við er gríðarlegur og enginn skyldi reyna að horfa framhá honum og láta eins og verkefnið sé ekki ærið og hægt sé að halda áfram eins og ekkert hafi í skorist. Ákvarðanir í dag hafa hins vegar áhrif á það samfélag sem við byggjum börnunum okkar.

Velferðarkerfið er ekki tölur á blaði sem hægt er að færa til að vild án afleiðinga. Velferðarkerfið er fólk af holdi og blóði, þjónusta þegnanna og öryggisnet þjóðarinnar. Verði niðurskurðarhnífurinn reiddur of hátt til höggs er hætta á því að óbætanlegur skaði verði unninn á uppbyggingarstarfi genginna kynslóða, til skaða fyrir komandi kynslóðir.

Félagamiðstöð BSRB

Í Félagamiðstöðinni á Grettisgötu 89 hefur starfið verið líflegt á árinu. Salir pantaðir langt fram í tímann og húsið iðandi af lífi á fundum og námskeiðum allskonar. Enda öll aðstaða til fyrirmyndar og með frábærum starfsmönnum sem vinna verk sín af alúð, áhuga og metnaði.

Stjórn hússins skipa þau: Þuríður Einarsdóttir frá PFÍ formaður, Ása Clausen frá St.Rv. gjaldkeri, Steinar Adolfsson frá LL, Þórarinn Eyfjörð frá SFR og Helga Jónsdóttir frá BSRB.

Við viljum þakka öllu þessu góða fólki þeirra störf. Baldvin Júlíusson umsjónarmaður, Marina Zolotariova og Svava Karen Jónsdóttir fá sérstakar þakkir fyrir frábær störf, mikið umburðarlyndi, útsjónarsemi og góða þjónustu í hvítetna.

Lokaorð

Skýrslan á að endurspeglar það starf sem hefur verið í gangi í félaginu á árinu 2010. Svona skýrsla getur þó aldrei verið tæmandi en félagsmenn eiga tök á því að fylgjast með starfinu á heimasíða félagsins og í Fréttabréfi félagsins, sem er gefið út reglulega, þar er að finna nánari umfjöllun um margt af því sem fjallað er um hér í skýrslunni.

Stjórnarmönnum, fulltrúum og trúnaðarmönnum og svo félagsmönnum öllum er þakkað ánægjulegt samstarf og fyrir hönd félagsmanna færi ég starfsmönnum félagsins alúðarþakkir fyrir þeirra góðu störf.

Reykjavík í febrúar 2011

Gardar Hilmarsson formaður St.Rv.



Aðalfundur

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar
verður haldinn að Grettisgötu 89, 1. hæð,
þriðjudaginn 8. mars nk. Kl. 17.00

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt 13. grein félagslaga.

Boðið verður uppá súpu og brauð eftir aðalfundarstörf.

Félagsmenn eru hvattir til þess að mæta á fundinn.

Stjórnin




Eiðar


Á orlofshúsasvæði BSRB að Eiðum á Starfsmannafélagið tvö hús. Hvort um sig er með þremur svefnherbergjum, 6 rúmstæðum og tveimur dýnum, stofu og eldhúsi. Húsin eru vel búin með sjónvarpi, útvarpi, kolagrilli og öllum venjulegum eldhúsbúnaði. Borðbúnaði fyrir 12.

Náttúrufegurð Fljótsdalhéraðs hefur lengi verið rómuð, Hallormsstaðaskógur, Skriðuklaustur, Lagarfljótið sem liðast eftir miðju Héraðinu og Snæfell í vestri og Dyrfjöll í austri eru útverðir byggðar á svæðinu. Frá Eiðum, sem eru 10 km frá Egilsstöðum, er skammt niður á firði, sem hver um sig býr yfir sérstaklega fagurri fjallasýn.

Afgreiðsla lykla og sængurfatnaðar er á Edduhótelinu á Eiðum.



12/03/2009



Lindarbakki

v/ Höfn hús nr. 4

Húsið er staðsett við Þjóðveg 1, um 10 km vestan Hafnar í Hornafirði. Húsið er í stórbrotnu umhverfi með óviðjafnanlegu útsýni yfir Hornafjörð og skriðjökla Vatnajökuls allt til Örfafjökuls. Það er 54 fm. með svefnadstöðu fyrir 8 í tveimur tveggja manna svefnherbergjum og stóru svefnlofti með 4 rúmum. Barnarúm og barnastóll eru til staðar, sjónvarp/útvarp, borðbúnaður fyrir 8, örbylgjuofn og kolagrill. Ræstingarvörur eru í húsinu en leigjandi þarf að hafa með sér handklæði, sápu, diskapurkur og borðklúta. Einnig þarf að hafa með sér sængurfatnað (lín). Afhending lykla er á staðnum.

Stutt er í alla þjónustu. 1 km í veitingastað á Hótel Vatnajökli, 5 km í næstu verslun og 10 km í sundlaug á Höfn.

www.islandsvefurinn.is

Leigutímabil 5. júní til 21. ágúst.



Ásar í Skaftártungu

Sumarhúsið Ásar er í Skaftártungu ca. 235 km frá Reykjavík. Húsið er tvær hæðir ca 70 m² hvor hæð. Á efri hæð er stofa með hornsófa, setustofa með tveimur svefnsófum, eldhús, eitt svefnherbergi og snyrting. Á neðri hæð er hjónaherbergi, tvö herbergi, baðherbergi og þvottahús. Svefnpláss er fyrir a.m.k. tíu manns og þar er eitt barnarúm. Tíu sængur fylgja en hafa þarf með sér sængurfatnað. Húsið er búið öllum nauðsynlegum húsbúnaði svo sem borðstofuborði fyrir 10 manns, örbylgjuofni, sjónvarpi, útvarpi, þvottavél og uppþvottavél.

Við húsið er sólpallur með húsgögnum, kolagrilli og heitum potti.

Gæludýr eru leyfileg.

Lyklar afhentir á Ytri Ásum.



Nánari upplýsingar um orlofsmál er að finna á heimasíðu félagsins www.strv.is




Edduhótel um allt land

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar gerir samning við Eddu Hótel um kaup á hótelmiðum, sem eru niðurgreiddir af orlofssjóði félagsins. Miðarnir verða seldir félagsmönnum í byrjun júní og verða auglýstir í næsta Fréttabréfi félagsins.



Fosshótel

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar gerir samning við Fosshótelin um kaup á hótelmiðum, sem einnig eru niðurgreiddir af orlofssjóði félagsins. Miðarnir verða seldir félagsmönnum allt árið.



Iceland Express

Félagið gerir samning við ICELAND EXPRESS um kaup á „gjafakortum“ sem orlofssjóður greiðir niður og félagsmenn geta keypt að hámarki tvö bréf. Þar sem fleiri hafa sótt um en hægt er að anna verður dregið úr umsóknum. Þeir ganga fyrir sem ekki hafa fengið úthlutað áður. Þetta verður auglýst nánar í næsta fréttabréfi.

Veiði og tjaldstæði að Þórisstöðum

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélag íslenska Járblendifélagsins hafa gert samkomulag um afnot félagsmanna St.Rv. af aðstöðu STJÁ að Þórisstöðum.

Heimilt er öllum félagsmönnum í St.Rv. mökum þeirra og börnum upp að 16 ára aldri, aðgangur að tjaldstæðum í landi Þórisstaða í Svínadal, auk þess er félagsmönnum heimil veiði í eftirtöldum vötnum: Geitabergsvatni, Þórisstaðavatni og Eyrarvatni þó er undanskilið svæði K.F.U.M.-manna sunnanvert við Eyrarvatn auk árstubbanna milli vatnanna.

Veiðitímabil er: 1. apríl til 25. september 2011.

Veiðitími er frá kl. 7:00 til 22:00 til og með 20. ágúst. Frá 21. ágúst er veiðitíminn frá kl. 7:00 til 21:00. Þeir sem nota þessa aðstöðu þurfa að geta staðfest að þeir séu félagsmenn í St.Rv. með vinnutímabókinni eða félagsskírteini.

Golfvöllur

Golfvöllurinn Glanni var vígður sumarið 2006, og er níu holu völlur í fögru umhverfi. BSRB er aðili að rekstrarfélagi klúbbsins.

Völlurinn er í næsta nágrenni orlofsbyggða BSRB í Munaðarnesi og Stóru Skógum og fá þeir sem eru í aðildarfélögum BSRB helmings afslátt á völlinn.



Práðlaust net

Práðlaust net er komið í sumarhús félagsins á Úlfliótsvatni og Munaðarnesi og eru upplýsingar um það í bæklingum og á neti. Notkun er á kostnað notanda.

Listi yfir ýmislegt ...

... sem gott er að hafa með sér, en gleymist oft:

Álpappír	Borðtuskur	Eldhúsrúlla	Eldspýtur
Góðir skór	Handklæði	Handsápa	Hárbursti
Hleðslutæki fyrir gsm-símann og myndavélina	Hlíðarföt	Inniskór	Kaffifilter nr. 4
Kerti	Kol	Krydd	Landakort
Leikföng	Lesefni	Lítill bakpoki	Lök
Myndavél	Náttföt	Olía til steikingar	Rakdót
Plastfilma	Plastpokar	Sjampó	Sósulitur
Snyrtivörur	Spil	Sundföt	Sykur
Sængur – og koddaver	Tannbursta	Tannkrem	Uppkveikilögur
Vasaljós	Viskastykki	WC-pappír	

Að ógleymdu góða skapinu.

Veiðikortið – Útilegukortið

Félagsmönnum Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar býðst í sumar að kaupa Veiðikortið sem veitir nær ótakmarkaðan aðgang að rúmlega 30 vatnasvæðum vítt og breitt um landið. <http://www.veidikortid.is/>
Útilegukortið gefur kost á að tjalda á 34 stöðum á landinu. <http://www.utilegukortid.is/>
Verð og frekari upplýsingar verða kynntar í næsta Fréttabréfi félagsins og á heimasíðu.

Umgengni og frágangur í lok orlofsdvalar:

Leigutaki ber ábyrgð á húsinu og öllu sem því fylgir. Skal hann þrifa eftir sig m.a. ísskáp, eldavél og ofn, skápa, salerni og grill. Einnig ber að þurrka af og skúra gólf, loka gluggum og útihurðum vandlega og taka raftæki úr sambandi. Félagismaður má ekki framselja öðrum leigurétt eða leyfa öðrum að leigja í sínu nafni.

Hafi leigutaki einhverjar athugasemdir eða ef eitthvað vantar í húsin þá vinsamlegast látið umsjónarmann á viðkomandi stað vita. Einnig er hægt að hafa samband við skrifstofu félagsins á skrifstofuþíma

Munið að umgengni lýsir innri manni og gangið frá húsunum eins og þið viljið koma að þeim, orlofshúsin eru sameign félagsmanna og því mikilvægt að vel sé gengið um.





Búnaður í orlofshúsum/íbúðum St.Rv. 2011

STADUR:	Fjöldi húsa	Stærð í fm	Svefnpláss	Svefnloft	Sængur/koddar	Sængurfatnaður/lin	Barnarúm	Barnastóll	Eldavél m/ofni	Örblygjuftn	Ísskápur	Sjónvarp/útvarp	Grill	Heitur pottur
Aðaldalur	1	60	6	Nei	6	Nei	Nei	Nei	Já	Já	Já	Já	kol	Nei
Akrakot	1	58	8-10	Já	10	Nei	Já	Já	Já	Já	Já	Já	kol	Já
Akrasel	1	58	6-8*	Nei	8	Nei	Já	Já	Já	Já	Já	Já	kol	Já
Akureyri, íbúð Hrisalundi 2e	1	104	8	Nei	8	Nei	Já	Já	Já	Já	Já	Já	kol	Nei
Akureyri, íbúð Hafnarstræti 7	1	100	7	Nei	7	***	Nei	Nei	Já	Já	Já	Já	kol	Nei
Akureyri, Tröllagil 29	1	75	5-7*	Nei	7	Nei	**	**	Já	Já	Já	Já	gas	Nei
Ásar í Skaftártungu	1	140	10	Nei	10	Nei	Já	Nei	Já	Já	Já	Já	kol	Já
Brautarhvamur	1	45	6+2*	Nei	8	***	Já	Já	Já	Já	Já	Já	gas	Já
Eiðar	2	52	6+2*	Nei	8	i nnif.	Já	Já	Já	Já	Já	Já	kol	Nei
Hrísey	1	180	8	Nei	8	Nei	Já	Já	Já	Já	Já	Já	kol	Nei
Illugastaðir	2	45	8	Nei	8	***	**	**	Já	Já	Já	Já	kol	Já
Lindarbakki	1	45	8	Já	8	***	Já	Já	Já	Já	Já	Já	kol	Nei
Munaðarnes, stór hús	8	52	7+2*	Nei	8	Nei	Já	Já	Já	Já	Já	Já	kol	Já
Norðurás	1	40	5-8*	Nei	8	Nei	Já	Já	Já	Já	Já	Já	kol	Já
Súðavík	1	84	6-7	Nei	7	***	Nei	Nei	Já	Já	Já	Já	kol	Nei
Úlfliótsvatn, stór hús	7	55	5+4*	Já	8	Nei	Já	Já	Já	Já	Já	Já	kol	Já
Úlfliótsvatn, lítil hús	3	35	3+4*	Já	6	Nei	**	**	Já	Já	Já	Já	kol	Já

Allar almennar hreinlæisvörur eiga að fylgja húsunum.

Hægt er að komast að 1 húsi á Úlfliótsvatni og 1 húsi í Munaðarnesi í hjólastól. (Húsin ekki sérhönnuð fyrir fatlaða)

* aukadýnur ** hægt að fá hjá umsjónarmönnum *** hægt að fá leigt

				Fristund krossgátu- blað (c)	AKKERI	TÖFLU- TEGUND	KLÚTUR	MÁL M	SVEIÐI	HÁ- SKOLA- GRÁÐA		STAFUR	EYKTA- MARKS
				FÖLLUM				1			TENGING UPPLÝS- INGUM		
				RAF- TÁKN		ÆXLUN- ARKORN HEY							
				KOL- VETNIS						2 HÖGG I GOLFI SK.ST. RIKIS			
				REYKUR		2		SIG ÁTRÚN- ADUR			ÁTTAR- TÁKN STINNUR		
		SENDI- MÆR	HEIMS- FRÆÐI	ÖNNUR NÓTA I C- DÚR	HREYF- ING STAFINA		SKELINA SMA- HÖSTA					KIRTIL	
BEITTA						LANDI SLUMS			HÁR EFTIR				
VENDI				PÓFI TARF- ANA		BAR		TULDRI PUS	3				
STAF- ANNA						GEREFTI HVÍLI				SK.ST. FELAGS SNÆDD- UM			
RÓMV. TALA		SÖNGHEITI TÓNS LÁTNA FARA			ÞJAKA BIÐJI					FOR- MÓÐUR VINNING- UR			
SJÚK- DÓM	4		SÆDÝR VASKUR				FJÆR SÁRT						
SVIKINN						OPSINS PIRRING						SEGJA	
HUG- HEILL								SVEIP SPÝTAN					
	LÁTNI NÁ- TENGT					LÍMUM ÁREITNI						EINS OG KROKUR STAF	
KEISARI				GLYS BÓK- STAF				VERK- FÆRI TÓMARA			GELT KJAMS		
Í LOFTI			SKREF VÍSINDA- GREIN				STAF STEFNA			SKYNJA BULT		BÓK	
ÞÚSUND		KINDUR FJÖLL		VEIÐAR- FÆRUN- UM RÓL				5				EINKUNN UPP- HRÖPUN	
ROTNUN				TÁL- BITINN ÓÐAGOTI					TÓBAK STÚLKA				
SIGAR						SKARKA DÝRUM						FOR- TEIKN HÆGD	
ÆBSTI GUÐ			HIMNA BASSA- LYKILL				RUGGA SÁ FIMMTI	6		SKOÐUN			
GRÍSKUR STAFUR					ÁKVARD- AR					RÁÐ- RUM			

Dregið verður úr réttum lausnum til verðlauna.
 Verðlaunin eru val á milli 7.000 kr. greiðslu eða helgardvöl í orlofshúsum félagsins
 frá 15. september – 1. maí að undanskildum páskum, jólum og áramótum.
 Við skorum á félagsmenn að taka þátt – síðasti móttökudagur á lausnum er 30. mars 2011.
 Lausnarorð má senda á skrifstofu eða í tölvupósti strv@bsrb.is



námsvísir

er kominn út!

Símenntun – opnar nýjar leiðir

Nýr námsvísir Fræðslusetursins Starfsmenntar vorið 2011 er kominn út þar sem sjá má fjölbreytt úrval starfstengdra námsleiða og margskonar mannauðsþjónustu fyrir opinbera starfsmenn.

Símenntun og ráðgjöf á vegum Starfsmenntar er án endurgjalds fyrir flesta félagsmenn stéttarféлага BSRB, sem hluti af samningsbundnum réttindum þeirra til starfsþróunar.

Starfsmennt býður upp á

- Starfstengdar námsleiðir fyrir stofnanir
- Þverfagleg námskeið opin öllum
- Ráðgjafa að láni til stofnana
- Náms- og starfsráðgjöf
- Fjarkennt tölvunám
- Farandfyrirlestra



www.smennt.is